



BÝX3A01 Ýmis búnaður

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Gísli Þór Þorkelsson

Netfang/netföng:

gisli@bhs.is

Lýsing:

Farið yfir vinnu við að skipta um ýmsa hluti og einingar í ökutækjum sem ekki er fjallað um í öðrum áföngum. Skoðaðar vinnuaðferðir við að taka úr og setja í aftur hluta ökutækja svo sem hreyfla, kæla, mælaborð, miðstöðvar, sæti og innréttingar. Skipti á lausum yfirbyggingahlutum. Skoðað fyrirkomulag mælaborða, kveikilása og ræsihindrana. Æfingar í viðgerðum á stillanlegum baksýnisspeglum, þurrkubúnaði, hurðum og búnaði þeirra.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: o mismunandi byggingarlagi og gerð ökutækja o kröfum til ástands ökutækja í reglugerð um gerð og búnað ökutækja **Hæfniviðmið;** nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: o finna viðgerðalýsingar í handbókum og rafrænum viðgerðagögnum o lýsa virkni eftirfarandi búnaðar: samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafælum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum **Leikniviðmið;** nemandi skal hafa öðlast leikni í að: taka úr og setja í aftur ýmsan vélbúnað, aukabúnað og innréttingar o skipta um og gera við þurrkubúnað, rúðuvindur, skrár og lamir hurða og skipta um hurðir og lok, svo sem vélarhlíf og lok á farangursgeymslu

Námsmat:

o Verklegt mat; nemandinn lýsir hvernig standa skuli að verki við að skipta um, taka ýmsa íhluti eða stærri einingar ss hreyfla eða gírkassa úr ökutækjum. Hann sýnir að hann getur gert við ýmsa íhluti eða kerfi í yfirbyggingum og fylgihlutum í ökutækjum o Skriflegt mat; nemandinn leysir próf um fræðilegt efni áfangans Vægi: Verklegt mat: 40% Skriflegt mat 40% Ástundun 20%

Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.

Námsgögn:

Stuðst er við bókina Modern Automotive Technology Glærur og önnur gögn frá kennara ásamt verkefnum á electude.

Electude gagnvirkt námsefni. Nemendur greiða aðgang í heimabanka inn á bankareikning Borgarholtsskóla: 0114-26-000005 á kt. 700196-2169 kr. 5.500. Kennara er send bankastaðfesting á netfangið gisli.thorkelsson@borgo.is og verður aðgangur nemenda virkjaður eftir það



Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Gerð er krafa um viðeigandi hlífðarfatnað og öryggisskó þegar unnið er á verkstæði.

Nemendur án ökuréttinda skulu ekki aka ökutækjum skólans né annarra á svæði skólans

Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats. *Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6 – 12 jan	Farið yfir fræðilega þætti lotu	
		Verkefnavinna	
		Verkefnavinna og verkefnaskil.	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.